

## ✉ Tilkynning til stjórnvalds um kæru nr. 432024.

Búið til	8.4.2024 13:26:11
Höfundur	Ásdís Baldursdóttir
Móttekið dags.	8.4.2024 11:37:06
Tilheyrir	📁 USK24040071 - Laufásvegur 19-23 - Tilkynning um kæru 43/2024 - deiliskipulag

### Efni


Tilkynning til stjórnvalds um kæru nr. 432024.

### Upplýsingar

### Vinnsla

Móttekið dags.	8.4.2024 11:37:06	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.15.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð	kæurur		

### Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

### Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 8. apríl 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er samþykkt nýs deiliskipulags fyrir Laufásveg 19 og 21 til 23.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Varði hin kærða ákvörðun hagsmuni þriðja aðila er óskað upplýsinga, þ. á m. netfang og/eða símanúmer, um viðkomandi sem allra fyrst.

Óskast staðfest um móttöku.



# KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

8.4.2024 10:35

## 1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Amar Guðmundsson
Kennitala	
Heimilisfang	Laufásvegur 22
Póstnúmer	101
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

## 3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Farið er fram á að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála feli úr gildi samþykkt nýs deiliskipulags fyrir Laufásveg 19 og 21 til 23. Í kynningarbréfi, auglýsingu og sjálfri deiliskipulagstillögunni kom fram að markmiðið væri að heimila breytingu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Í samskiptum við fulltrúa Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur og í minnisblaði leigutaka, sem fram kom nokkrum klukkustundum áður en frestur til athugasemda við deiliskipulagstillögu rann út, var staðfest að þarna stæði ekki til að innrétta íbúðarhúsnæði heldur umfangsmikið búsetuúrræði sem uppfyllti engin skilyrði þess að teljast íbúðir eða deilihúsnæði í skilningi gildandi byggingarreglugerðar. Sjá fylgiskjal 1 og 5.

Í úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli 26/2023 (sjá fylgiskjal 11), þar sem áður samþykkt grenndarkynnt byggingarleyfi var fellt úr gildi, segir orðrétt:

„Þar sem fyrirmæli aðalskipulags kveða á um að slík búsetuúrræði innan íbúðarbyggðar séu háð því að gerð sé grein fyrir þeim í deiliskipulagi verður að telja að ekki hafi verið heimilt að láta nægja að grenndarkynna byggingarleyfissóknirnar samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga.“

Í íbúðarbyggð er megnið af húsnæði skilgreint sem íbúðarhúsnæði svo deiliskipulag um heimild til að breyta atvinnuhúsnæði í „íbúðarhúsnæði“ dugar ekki til að heimila rekstur umfangsmikils búsetuúrræðis í íbúðarbyggð þar sem gera verður grein fyrir úrræðinu í deiliskipulagi.

Til að húsnæði sé íbúðarhúsnæði eru gerðar til þess meiri kröfur en að þar geti fólk gist í stórum hópum án brunahættu sbr. kröfur byggingarreglugerðar til íbúða og deilihúsnæðis. Kjörnir fulltrúar voru m.a. beðnir að íhuga þetta fyrir afgreiðslu tillögunnar (sjá fylgiskjal 6).

Hvorki í kynningarbréfi til hagsmunaaðila né sjálfri tillögunni er gerð nein tilraun til að gera grein fyrir eðli fyrirhugaðs búsetuúrræðis og það hugtak er ekki einu sinni notað um markmið deiliskipulagsins heldur talað um íbúðarhúsnæði, andstætt t.d. grenndarkynningunni á síðar ógildu byggingarleyfi þar sem hagsmunaaðilum var kynnt fyrirhugað búsetuúrræði. Hvorki uppdrættir, upplýsingar um heildarstærð íbúðarhúsnæðis né gerð og fjölda íbúða fylgdu tillögunni.

Í samskiptum við fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs (fylgiskjal 1) var þeim ítrekað bent á að sífellt væru að koma fram nýjar upplýsingar um forsendur deiliskipulagsins sem hvergi væri að finna í opinberum gögnum. Því var óskað eftir að málið yrði dregið til baka og auglýst að nýju með öllum forsendum.

Íbúasamtök miðborgar sendu inn umsögn þar sem þau treystu sér ekki til að hafa skoðun á tillögnum vegna skorts á upplýsingum og að nýjar upplýsingar sem hvergi kæmu fram í opinberum gögnum hefðu verið að berast fram fram undir lok umsagnarfrests (sjá fylgiskjal 4).

„Eftir fyrirspurn til Íbúaráðs miðborgar í lok janúar um fyrirkomulag ætlað íbúðarhúsnæðis, þar sem engir uppdrættir eða frekari upplýsingar fylgdu framkominni tillögu að deiliskipulagi, barst stjórn ÍMR svar þriðjudaginn 20. febrúar þess efnis að þarna yrði ekki um hefðbundnar íbúðir að ræða heldur þrjár íbúðir sem opnað verði á milli fyrir 80 íbúa. Engir uppdrættir eða vísan í uppdrætti fylgdu svarinu. Þessar upplýsingar komu ekki fram í birtum gögnum um deiliskipulagstillöguna en vekja áhyggjur af því að ekki standi til að innrétta eiginlegt íbúðarhúsnæði eins og ráða má af orðalagi tillögunnar.“

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að í svarinu sem ÍMR fékk 20. febrúar, tveimur dögum áður en athugasemdafrestur rann út, var bæði talað um „íbúðarhúsnæði“ og svo sagði orðrétt í svarinu: „Með breyttri notkun verður húsið nýtt sem þrjár íbúðir sem opnað verður á milli.“ Þetta er efnislega rangt svar til sjálfra hagsmunasamtaka íbúa á svæðinu því ekkert rýmanna á þeim uppdráttum, sem loks komu fram undir lok umsagnartímans, kemst nálægt því að uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar til að teljast íbúð eða deilihúsnæði sem fellur undir sömu ákvæði.

Í stað þess að nota kynningartímann til að leggja fram öll gögn og upplýsingar var okkur ítrekað bent á að þetta væri kæránlegt til ÚUA. Kærer ættu eðli máls samkvæmt að vera síðasta úrræði en ekki valkostur við að bregðast eðlilegum spurningum og áhyggjum í risastóru hagsmunamáli fyrir heila íbúðarbyggð.

Þrátt fyrir orðalag tillögunnar segir í umsögn skipulagsfulltrúa við afgreiðslu málsins að þetta deiliskipulag sé gert til að bregðast við annmarka á gerð byggingarleyfisins og að verið sé að heimila "úrræði".

Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þar sem deiliskipulagið var afgreitt, kom líka fram tillaga um frestun svo fulltrúum gæfist færi á að fara yfir umfangsmiklar athugasemdir. Sú tillaga var felld.

Því miður er óhjákvæmilegt annað en að verða við áskorunum um að fara fram á að Úrskurðarnefnd umhverfis- og skipulagsmála felli deiliskipulagið úr gildi svo hægt sé að kynna málið með réttum gögnum og forsendum.

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur
--	--

Dagsetning ákvörðunar	03.04.2024
-----------------------	------------

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

Kærandi er íbúi á Laufásvegi 22 að bregðast við framkomnum og skjalfestum áskorunum fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs um að kæra afgreiðslu þessa máls vegna algerlega ófullnægjandi gagna og forsendna við auglýsingu hennar.

#### 4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmeiti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Að samþykkt deiliskipulag fyrir Laufásveg 19 og 21-23 verði fullt úr gildi vegna ófullnægjandi kynningargagna og allt of seint fram kominna lykilupplýsinga sem hefðu orðið að fylgja sjálfri tillögunni til að allir hagsmunaaðilar gætu myndað sér skoðun og kynnt sér mál á réttum forsendum.

Útilokað er að þetta deiliskipulag teljist forsenda þess að setja niður áður kært umfangsmikið búsetuúrræði þar sem ekkert rými stenst kröfur byggingarreglugerðar til íbúða/deilihúsnæðis.

#### 5. Hagsmunir kæranda/kæranda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kæranda?

Verulegar takmarkanir Aðalskipulags Reykjavíkur á eðli þeirrar starfsemi sem heimil er í skilgreindri íbúðarbyggð eru vel rökstuddar og settar til að verja gæði íbúðarbyggðar og hagsmuni nággranna. Þannig liggur t.d. fyrir að ný leyfi til að reka hótél eða gistiheimili fást ekki útgefin í íbúðarbyggð nema við skilgreindar aðalgötur. Þessi litli hluti Laufásvegjar er ekki slík aðalgata. Eigi að setja þar niður umfangsmikið búsetuúrræði fyrir stóran hóp fólks sem ekki á hvorki lögheimili á staðnum né gistir í "íbúðarhúsnæði", sbr. kröfur byggingarreglugerðar til íbúða og deilihúsnæðis, þarf að gera grein fyrir því í deiliskipulagi. Kynning á einfaldri breytingu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði er mjög fjarri því að vera heimild fyrir slíkum rekstri.

Í þessu máli bendir allt til þess að ætlunin sé að komast hjá því að gera grein fyrir eðli starfseminnar og ætluðum búsetuskilyrðum með því að tala aðeins um breytta notkun atvinnuhúsnæðis í íbúðarhúsnæði. Nýjar upplýsingar og staðfestingar á því sem ætlunin virðist vera að heimila voru að koma fram í beinum samskiptum við örfáa aðila allt fram til loka þess frests sem gefinn var til að taka afstöðu til tillögunnar.

#### 6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Í fundargerð frá 303. fundi USK, 3. apríl. Fletti upp síðar í sömu viku. Las einnig grein kjörins fulltrúa í USK um málið og afgreiðslu þess sem birtist á vefmiðlinum visir.is 5. apríl (sjá fylgiskjal 12).

## 7. Rökstuðningur fyrir kærú

Í árslok 2022 fengu nágrennar grenndarkynningu með uppdráttum á byggingarleyfi sem heimilaði að innrétta "búsetuúrræði" í húsnæði fyrrum sendiráðs Laufásvegi 19-23. Við afgreiðslu USK 22. febrúar var bókuð afgreiðsla á "búsetuúrræði".

Afgreiðslan var kærð þar sem ákvæði aðalskipulags heimiluðu ekki rekstur umfangsmikils búsetuúrræðis í íbúðarbyggð og ÚUA staðfesti með úrskurði að gera yrði grein fyrir slíku í deiliskipulagi, 5. maí 2023.

Í bréfi til hagsmunaaðila 12.1.2024 var kynnt deiliskipulagstillaga sem var lýst svo að verið væri að breyta notkun húsnæðisins í íbúðarhúsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Vísað var á skipulagsgátt til að finna sjálfa tillöguna. Þar var sama orðalag notað að því viðbættu að umrætt íbúðarhúsnæði yrði fyrir allt að 80 íbúa og að starfsmaður yrði íbúum til aðstoðar.

Eftir rökstuddar athugasemdir við óásættanleg búsetuskilyrði í áður kynntu "búsetuúrræði" fagnaði undirritaður því að nú væri ætlunin að innrétta "íbúðarhúsnæði". En með tillögunni vantaði allar upplýsingar um fyrirhugað íbúðarhúsnæði. Hvorki heildarstærð né fjöldi eða gerð íbúða kom fram og engir uppdrættir fylgdu. Þrátt fyrir leit hef ég engar deiliskipulagstillögur um íbúðarhúsnæði fundið þar sem ekki kemur fram fjöldi og/eða samsetning íbúða.

Í svari við fyrirspurn vegna þessa 22. janúar segir orðrétt: "Húsnæðið er deilihúsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd svo ekki er um hefðbundnar íbúðir að ræða." Við þessu var brugðist sama dag með ábendingu þess efnis að deilihúsnæði falli undir sama kafla byggingarreglugerðar og íbúðir og það komi hvergi fram að ekki verði um að ræða "hefðbundnar" íbúðir. Óhefðbundin íbúð er hvergi til skilgreind, hvað þá að ef um sé að ræða tiltekinn hóp íbúa þá liggi það með einhverjum hætti í eðli máls að viðkomandi muni ekki njóta íbúðarhúsnæðis í skilningi byggingarreglugerðar um íbúðir og deilihúsnæði. Hefði staðið "fyrir fatlaða" eða "fyrir námsmenn" veki það sömu væntingar um innréttingu íbúða í skilningi byggingarreglugerðar, þ.e. íbúðarhúsnæðis.

30. janúar barst svar frá lögmanni á skrifstofu stjórnýslu og gæða þar sem vísað var í samþykktu uppdrætti byggingarfulltrúa frá 12. desember og sagt að um sé að ræða að breyta húsnæðinu í "3 íbúðir sem opnað verður á milli." Því var mótmælt samdægurs að þessar upplýsingar hafi ekki fylgt tillögunni og spurt hvort téðir uppdrættir væru heimild um fyrirkomulag þess "íbúðarhúsnæðis" sem nú ætti að heimila. Það var staðfest af lögmanni sama dag.

30. janúar var bent á að enn séu að berast nýjar upplýsingar um forsendur deiliskipulagsins sem hvergi hafi komið fram í birtum gögnum og sett fram sú krafa að auglýsingin verði dregin til baka og málið kynnt að nýju með öllum gögnum og forsendum. Bent var á að auki að ekkert komi fram í opinberum gögnum sem gefi til kynna að þarna verði ekki íbúðarhúsnæði í skilningi byggingarreglugerðar.

Svar lögmanns 31. janúar var að vísa í ógilt byggingarleyfi og upplýst að skipulagið sé auglýst að bæta úr annmarka á því. Vísað var í gögn sem ég ætti að hafa undir höndum í kjölfar grenndarkynningarinnar.

Þessu var mótmælt 1. febrúar og bent á að kynning deiliskipulags fylgi ákveðnum ferlum og að möguleg vitneskja mín í kjölfar grenndarkynningar byggingarleyfis, sem er allt annað ferli og snerti aðeins næstu nágrenna, skipti máli varðandi almannahagsmuni af að rétt sé staðið að deiliskipulagsauglýsingu og að öll gögn og upplýsingar fylgi henni. Grenndarkynning byggingarleyfis annars vegar og tillaga að nýju deiliskipulagi hins vegar eru sitt hvor hluturinn.

Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur sem hafa það hlutverk m.a. að standa vörð um hagsmuni íbúa treystu sér ekki einu sinni til að afstöðu til tillögunnar vegna skorts á upplýsingum og afar seint fram kominna svara um hvað til stæði á þessum reit.

Staðan er sú að auglýst er tillaga um að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði sem flestir fagna. En eftirgrennslan leiddi í ljós að ekki standi til að innrétta íbúðarhúsnæði eða neinar íbúðir eða deilihúsnæði í skilningi byggingarreglugerðar.

Þær upplýsingar komu aldrei fram opinberlega á auglýsingatímanum. Staðfest var af lögmanni og minnisblaði leigutaka (birt að kvöldi lokafrests) að tillagan sé til að bæta úr ógildingarástæðu byggingarleyfis og skapa þar með forsendur fyrir afgreiðslu uppdráttar sem alvarlegar athugasemdir voru gerðar við og birtu búsetuskilyrði sem samrýmdust ekki skilgreindri íbúðarbyggð. Engar upplýsingar um þessa lykilorð forsendur komu fram opinberlega á auglýsingatímanum.

Öll atburðarásin og samskipti vegna málsins benda til þess að ætlunin sé að skapa forsendur fyrir afar umdeildum og umfangsmiklum rekstri á einhvers konar gistiþjónustu fyrir fjölda fólks með annars vegar villandi lýsingu í deiliskipulagsauglýsingu og hins vegar skorti á opinberri framlagningu þeirra gagna og upplýsinga sem staðfest var í einkasamskiptum að lægju til grundvallar. Atvinnuhúsnæði verður ekki "íbúðarhúsnæði" við það eitt að fylla það af kójum. Fordæmið væri grafalvarlegt.

## 8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Já

Útgáfa byggingarleyfis, á grundvelli grenndarkynningar, til innréttingar á þremur úrræðum í húsnæði fyrrverandi sendiráði Bandaríkjana við Laufásveg, var fellt úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamáli í máli nr. 26/2023 (sjá fylgiskjal 11). Niðurstaðan var að svo umfangsmikið búsetuúrræði á svæði íbúðarbyggðar yrði að eiga sér stoð í deiliskipulagi samkvæmt ákvæðum Aðalskipulags Reykjavíkur.

## 9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er töluaset skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærú er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Innsend athugasemd og samskipti við fulltrúa USK
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	fylgiskjal01_athsemd-samskipti.pdf

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>2</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Uppdrættir sem lögmaður staðfesti sem forsendu ásamt athugasemdum
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	fylgiskjal02_teikningar.pdf

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>3</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Viðbótarathugasemd eftir að minnisblað leigutaka birtist
Númer skjals:	3
Fylgiskjal	fylgiskjal03_athugasemd_viðbót.pdf

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>4</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Athugasemd Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur
Númer skjals:	4
Fylgiskjal	fylgiskjal04_athugasemd-íbúasamtaka.pdf

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>5</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Athugasemd leigutaka með minnisblaði og uppdráttum af gistirekstrinum
Númer skjals:	5
Fylgiskjal	fylgiskjal05_minnisblað-leigutaka.pdf

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>6</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Erindi til kjörinna fulltrúa í USK fyrir afgreiðslu málsins
Númer skjals:	6
Fylgiskjal	fylgiskjal06_erindi-fulltrúa.pdf

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>7</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Kynningarbréf vegna deiliskipulagstillögunnar
Númer skjals:	7

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>8</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Deiliskipulagstillagan-eina opinberlega birta gagnað um málið
Númer skjals:	8
Fylgiskjal	fylgiskjal08_tillagan.pdf

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>9</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Umsögn skipulagsfulltrúa með viðbrögðum við athugasemdum og lýsingu á málinu
Númer skjals:	9
Fylgiskjal	fylgiskjal10_umsögn-skipulagsfulltrúa.pdf

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>10</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Grein kjörins fulltrúa í USK um afgreiðslu málsins
Númer skjals:	10
Fylgiskjal	fylgiskjal12_grein-fulltrúa.pdf



Árið 2024, þriðjudaginn 9. apríl, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

**Mál nr. 43/2024, kæra á ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 3. apríl 2024 um að samþykkja tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 19 og 21–23 við Laufásveg.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

**úrskurður:**

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 8. apríl 2024, kærir Arnar Guðmundsson, Laufásvegi 22, þá ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 3. apríl 2024 að samþykkja tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 19 og 21–23 við Laufásveg. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

**Málsatvik og rök:** Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar 13. desember 2023 var tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 19 og 21–23 við Laufásveg. Í tillögunni fólst breytt notkun á húsnæði því sem áður hýsti sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg 21–23 ásamt breyttri notkun á skrifstofum baklóðar Laufásvegar 19 í íbúðarhúsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Var samþykkt að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 43. gr. sömu laga, og var sú afgreiðsla samþykkt af borgarráði á fundi þess 21. desember 2023. Tillagan var auglýst 11. janúar 2024 með athugasemdafresti til 22. febrúar s.á. Athugasemdir bárust á kynningartíma, þ. á m. frá kæranda. Að kynningartíma loknum var tillagan tekin fyrir að nýju á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 3. apríl 2024. Samþykkti ráðið tillöguna og var málinu vísað til borgarráðs.

Kærandi bendir á að í kynningarbréfi, auglýsingu og sjálfri deiliskipulagstillögunni komi fram að markmið deiliskipulagsins hafi verið að heimila breytingu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Nokkrum klukkustundum áður en frestur til athugasemda við deiliskipulagstillöguna hafi runnið út hafi borgaryfirvöld staðfest að ekki stæði til að innréttu íbúðarhúsnæði heldur koma fyrir umfangsmiklu búsetuúrræði. Íbúasamtök í íbúaráði Miðborgar og Hlíða hafi ekki treyst sér til að hafa skoðun á tillögunni vegna skorts á upplýsingum. Því miður sé óhjákvæmilegt að fara fram á að úrskurðarnefndin felli deiliskipulagið úr gildi svo hægt sé að kynna málið með réttum gögnum og forsendum.

**Niðurstaða:** Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar var samþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 19 og 21–23 við Laufásveg og málinu vísað til borgarráðs. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal senda Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og samantekt um málsmeðferð ásamt athugasemdum og umsögnum um þær innan sex mánaða frá því að frestur til athugasemda rann út. Að lokinni lögmatísathugun Skipulagsstofnunar skal sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda, en slík auglýsing er skilyrði gildistöku deiliskipulags og markar jafnframt upphaf eins mánaðar kærufrests til úrskurðarnefndarinnar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Umrædd



deiliskipulagsáætlun hefur ekki verið tekin fyrir af borgarráði og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Liggur því ekki fyrir ákvörðun sem bindur enda á mál í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sem kæránleg er til úrskurðarnefndarinnar. Verður kærumáli þessu því vísað frá úrskurðarnefndinni.

### Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

---

Arnór Snæbjörnsson (sign)